

Ár 2014, miðvikudaginn 1. október kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 13:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Águst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Undirbúningur ársþings
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Til fundar eru mætt Ingibergur Guðmundsson, Hildur Þóra Magnúsdóttir og Sólveig O. Sigurðardóttir starfsmenn SSNV og fóru yfir undirbúning ársþings með stjórn. Rætt um almennan undirbúning og farið yfir minnisatriði fyrir ársþingið. Stjórn felur starfsmönnum að ljúka undirbúningi og senda út fundargögn til þingfulltrúa.
2. Farið var yfir verkefnin framundan og m.a. rætt um ráðningu atvinnuráðgjafa í Húnaþingi vestra og verkaskiptingu milli starfsmanna í fyrilliggjandi verkefnum. Að loknum þessum dagskrárlíð yfиргáfu starfsmenn fundinn.
3. Önnur mál.
 - a. Farið yfir undirbúning þingmannafundar sem verður á Staðarflöt 2. október nk.
 - b. Lagt fram bréf Bergþóru Ingólfssdóttur hrl. hjá Mandat lögmönnum dags 30 september 2014 f.h. Katrínar Maríu Andréasdóttur þar sem fram kemur að Katrín uni ekki þeirri túlkun stjórnar að hún hefji aftur störf sem atvinnuráðgjafi og hún líti svo á að um ólögmæta uppsögn væri að ræða. Stjórn SSNV mótmælir þessari túlkun og lítur svo á að um eðlilega ráðstöfun hafi verið að ræða og hefur stjórnin m.a. leitað ráðgjafar í úrlausn málsins hjá lögfræðingum Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Stjórnin harmar þessa niðurstöðu og lítur svo á að Katrín Maríu segi sig þar með frá starfi atvinnuráðgjafa á vegum SSNV enda lítur hún svo á að stofnast hafi til fastráðningar hennar sem framkvæmdastjóra. Þrátt fyrir að fyrir liggi að starfsmanni beri að skila vinnuframlagi við uppsögn í starfi óskar stjórn SSNV ekki eftir frekari vinnuframlagi Katrínar Maríu en að hún skili lyklum og skili skilgrein um stöðu einstakra verkefna. Gert verður upp við Katrín Maríu samkvæmt kjarasamningsbundnum greiðslum. Stjórn felur Leó Erni og Ágústi Þór að gera bréfritara grein fyrir afstöðu stjórnar til þessarar niðurstöðu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:35.

Bjarni Jónsson

Águst Þór
Hildur Magnúsdóttir
Þóra Sverrisdóttir
Hanna Þrúður Þórðardóttir
Bls. 1 af 1